

Námsáætlun í stærðfræði 4. bekkur

Kennarar; Erla Þórey Ólafsdóttir og Sif Hauksdóttir

Nemendur 4. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í stærðfræði.

Námsefni:

Stærðfræðispæjarar 4, Sproti 4, fjölbreytt verkefni frá kennara, Kennsluforrit, þrautir og stærðfræðispil.

Hæfniviðmið:

Hæfniviðmið fyrir stærðfræði eru sett fram í sjö flokkum: sjá nánar í Aðalnamskrá grunnskóla fyrir 4. bekk.

- **Að geta spurt og svarað með stærðfræði:**
- **Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar:**
- **Vinnubrögð og beitingu stærðfræðinnar:**
- **Tölur og reikningur:**
- **Rúmfræði og mælingar:**
 - **Tölfræði og líkindi;**
 - **Algebra:**

Sjá nánar í Aðalnamskrá grunnskóla fyrir 4. bekk.

Námsleiðir:

Lögð er áhersla á að þjálfar grunnþætti reikniaðgerða, rúmfræði og mælingar, algebru, tölfræði, ígrundun ólíkra aðferða og nákvæm og vönduð vinnubrögð í gegnum fjölbreyttar kennsluáðferðir, beina kennslu, verklegar æfingar, þjálfunaræfingar, hlutbunda vinnu, sjálfstæða vinnu og hópastarf.

Nemendur vinna eftir áætlun sem getur tekið eina til tvær vikur. Ekki verður eiginleg heimavinna nema ef nemendur nýta ekki kennslustundina vel til vinnu og ljúka ekki áætlun innan ákveðins tíma. Einnig þegar teknir eru ákveðnir námsþættir sem unnið er með í átaki í stuttan tíma. Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og jafnvel kynna fyrir samnemendum. Nemendum er leiðbeint hvernig á að setja upp dæmi og að halda snyrtilega vinnubók. Verkefni eru ýmist unnin í hópum, pörum eða einstaklingslega.

Við vinnum í hringekja einu sinni í viku til að glæða stærðfræðina lífi og tengja hana við daglegt líf. Einnig erum við með hugsandi kennslustunkref einu sinni í viku þar sem nemendur leysa krefjandi stærðfræðiþrautir þar sem ekki hægt að leysa án þess að hugsa, rökræða, þróa sig áfram, rannsaka og svo frh.

Lögð er áhersla á að skapa jákvætt viðhorfi og áhuga nemenda til stærðfræðinnar. Námsmat er eftir hvern kafla. Ef nemandi nær ekki viðmiðunarmörkum er farið ýtarlegra í námsefnið.

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Námsmat:

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Það er gefið fyrir hæfniviðmið með fimm tákna kvarða framúrskarandi hæfni – hæfni náð – á góðri leið – þarfnast þjálfunar – hæfni ekki náð.

Kaflakönnun er eftir hvern námsþátt.

Lögð verður áhersla á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna. Matið byggist m.a. á þátttöku í umræðum í bekknum, verklegum og munnlegum prófum.

Stærðfræði – 4. bekkur

Vinum markvist með margföldunartöfluna yfir önnina.

Vika	Efnisþáttur	Námsefni	Annað/námsmat
September	Reikningsaðgerðir Samlagning og frádráttur	Stærðfræðispæjarar 4 Bl. 36-37-38-39-40-41	Ástundun

september	Frádráttur og margföldum	Stærðfræðispæjarar 4 Bls. 42- 43 – 44 – 45 - 46	Ástundun
Október	Reikniaðgerðir - deiling	Stærðfræðispæjarar 4 Bls. 47 – 48 – 49 – 50 - 51	
Október	Jöfnur og peningar	Stærðfræðispæjarar 4 Bls. 52 – 53 – 54 – 55	Stutt könnun
Október/nóvember	Tölfræði og hnitakerfi	Stærðfræðispæjarar 4 70 – 71 – 72 – 73 – 74 – 75 – 76 – 77 – 78 – 79 – 80	
Nóvember	Tölur - tugakerfi	Stærðfræðispæjarar 4 1 – 2 – 3 – 4 – 5 – 6 -	Ástundun
Nóvember/desember	Tölur og tugakerfi	Stærðfræðispæjarar 4 7 – 8 – 9 – 10 – 11 – 12 – 13- 14 – 15 Hefti frá kennara	Kaflapróf

Kennarar áskilja sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara